

IDNÞING 15. MARS 2012. Helgi Magnússon, formaður SI.

VERK AÐ VINNA

Ráðherra, alþingismenn, aðrir góðir gestir.

Á flokksráðsfundi VG í lok febrúar sl. lýsti formaður þeirra því yfir að hann teldi að þeim hefði tekist að bjarga Íslandi þannig að nú værum við ekki lengur stödd á hættusvæði.

Þetta er hraustlega mælt hjá manni sem hefur verið einn helsti forsvarsmaður ríkisstjórnar sem hefur í 3 ár hamlað gegn endurreisn Íslands með því að framfylgja rangri efnahagsstefnu sem einkennst hefur af úlfúð í garð atvinnulífsins og lamandi skattþíningarstefnu. Síðustu þriggja ára verður minnst sem týndu árána eða glötuðu árána á Íslandi, árána þegar tækifærin voru ekki nýtt.

Þó það sé þreytandi, þá er engu að síður óhjákvæmilegt að minna á það sem hefur farið úrskaiðis og enn er ábótavant í okkar samfélagi. Þannig – og einungis þannig – getum við áttað okkur á raunverulegri stöðu og forgangsverkefnum framundan til þess að koma okkur á beina braut inn í framtíðina en sú braut er fær ef samstaða næst um að feta hana. Stefnuna þarf að marka út frá staðreyndum en ekki á grundvelli óskhyggju.

Verkefni okkar núna er að horfa til framtíðar frá réttum sjónarhóli. Reynum ekki sjálfsblekkingar eins og þær að einhverjum hafi tekist að bjarga Íslandi. Það er því miður ekki þannig, þó við kysum að svo

væri. Þannig gæti það verið. En þannig hefur ekki verið haldið á spilum.

Það sem einkum skyggir á um þessar mundir er m.a.:

- Ennþá eru nær 12.000 manns atvinnulausir.
- Við höfum misst þúsundir manna úr landi vegna atvinnuástandsins. Þannig hafa 21.000 störf tapast frá árinu 2008.
- Það þarf að fara 100 ár aftur í Íslandssögunni til að finna hærra hlutfall brottfluttra Íslendinga umfram innflutta.
- Tugir þúsunda heimila berjast við skuldakreppu.
- Þúsundir fyrirtækja fást við skuldavanda til viðbótar við öll þau fyrirtæki sem hafa komist í þrot.
- Fjárfestingar eru í sögulegu lágmarki í 70 ár. Námu 12,9% af landsframleiðslu árið 2010 og endaðuðu í svipuðu hlutfalli árið 2011.
- Á sama tíma og okkur vantar erlent áhættufjármagn inn í hagkerfið mæta erlendir fjárfestar óvild stjórnvalda, sýni þeir áhuga á að koma hingað.
- Allt þetta kjörtímabil hafa stjórnvöld átt í illvígum deilum við forsvarsmenn sjávarútvegs um framtíðarstefnu í sjávarútvegsmálum hér á landi.
- Illa hefur gengið að gera átak í nýtingu orkuauðlindanna til uppbyggingar í stóriðju og öðrum iðnaði. Ítrekaðar tafir koma í veg fyrir atvinnusköpun og verðmætasköpun á því sviði.
- Ekki hefur náðst samstaða um að ráðast í mikilvægar og öflugar samgönguframkvæmdir sem mikil þörf er á og yrðu til nauðsynlegrar atvinnusköpunar.

- Fólki og fyrirtækjum hefur verið íþyngt stórlega með margvíslegum skattaálögum. Yfir 100 skattalagabreytingar hafa verið gerðar á kjörtímabilinu til hækkunar, skv. skýrslu Viðskiptaráðs.
- Þrátt fyrir gífurlegar skattahækkanir blasir við sár niðurskurður í velferðarkerfinu og menntakerfinu.
- Hallinn á opinbera lífeyriskerfinu fer stöðugt vaxandi.
- Hagvöxtur þyrfti að vera 5% til þess að ná hér skjótum efnahagsbata. En hagvöxtur hefur enginn verið eða lágur þar til í fyrra að hagvöxtur reyndist vera 3.1% einkum vegna aukinnar einkaneyslu – en ekki vegna fjárfestinga og uppbyggingar eins og æskilegt hefði verið.
- Ekki sér fyrir endann á gjaldeyrishöftum.
- Icesavemálið er ennþá óleyst og er nú komið til kasta ESA dómstóls. Enginn veit hvernig í ósköpunum það mál endar.
- Ríkisstjórnin eyðir orku sinni í valdabrölt og innbyrðis átök í stað þess að leiða för þjóðarinnar út úr kreppunni. Stjórnin notar meiri tíma í að vandræðast yfir viðfangsefnunum en að leysa þau. Þingmenn segja að þingið sé orkulaust, vindlaust. Það skortir forystu. Hér er viðvarandi pólitísk kreppa.

Já, það er svona sem maður fer að því að bjarga Íslandi!

Takk, Steingrímur. Takk fyrir að bjarga Íslandi!

Það yrði kaldhæðni örlaganna ef innan skamms kemur á daginn að það hafi verið neyðarlögin frá októberbyrjun 2008 sem björguðu Íslandi frá algjöru hruni? Að neyðarlögin hafi bjargað því sem bjargað

varð. Að það komi á daginn að neyðarlögin sem voru sett undir forystu Geirs Haarde, þáverandi forsætisráðherra, hafi bjargað Íslandi frá algjöru hruni – þessa sama Geirs Haarde og nú svarar til saka fyrir Landsdómi í fyrstu pólitísku réttarhöldunum á Íslandi?

Við skulum bíða og sjá til.

NEFNA MÁ TIL HRÓSS

En hvað hefur alþingi og ríkisstjórnin verið að fást við frá hruni? Von er að spurt sé þegar við blasir framangreind upptalning.

Nefna má stjórnvöldum til hróss að fjárlagahallinn hefur minnkað til muna. Það er hin hliðin á skattþíningarstefnunni og niðurskurði. Og samstarfið við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn gekk allvel og það sem gleður einkum í því efni er að það tókst að ljúka því samstarfi í meginatriðum. Við höfum sjóðinn væntanlega ekki lengur sem yfirfrakka á ríkisstjórn og alþingi. Þá má ekki gleyma því að alþingi samþykkti að sækja um aðild að Evrópusambandinu og standa samningaviðræður yfir í skugga mikillar ólgu í Evrópulöndum. Þá er til umfjöllunar rammaáætlun um verndun og nýtingu orkuauðlinda. Mikið er í húfi að þar takist vel til og um slíka áætlun náist bærileg sátt. Unnið hefur verið að gerð þessarar áætlunar í mörg ár og verði niðurstaðan einkum sú að rammaáætlunin verði að mestu verndaráætlun en ekki nýtingaráætlun – þá verður enginn friður um hana. Þjóðin þarf á því að halda að nýta orkuauðlindirnar af skynsemi og sanngirni til öflugrar efnahagsuppbyggingar. Það næst enginn friður um öfganiðurstöður í aðra hvora áttinu. Þess vegna verður að

krefja löggjafarvaldið um niðurstöðu sem byggist á sátt um verndun og nýtingu. Annars verða áfram pólitísk átök um þessi stóru mál þar sem stríðandi fylkingar halda áfram að kasta þessu gulleggi þjóðarinnar á milli sín. Við það verður ekki unað.

Þversögn einkennir líf okkar Íslendinga þessi árin. Við höfum misst af fjölda tækifæra til að efla atvinnulífið og samfélagið vegna þess að hér er nú rekin röng efnahagsstefna.

En engu að síður gengur víða vel. Við erum svo lánsöm að það er uppgangur í nokkrum atvinnugreinum eins og í ferðaþjónustu, stóriðju og ýmsum öðrum iðnaði, einkum útflutningsiðnaði. Víða í smærri iðnaði er mikil og góð undiralda. Nýsköpun einkennir allan iðnaðinn og það er meðbyr með sprotafyrirtækjum, handverki og hönnun. Í ýmsum öðrum iðngreinum er uppgangur og öflug vöruþróun í gangi, eins og t.d. í matvælaíðnaði þar sem úrvalsörur eru unnar úr ómenguðum íslenskum landbúnaðarafurðum. Þá er rekstur sjávarútvegs kraftmikill um þessar mundir vegna mikils uppgangs í veiðum og vinnslu uppsjávartegunda. En í greininni ber samt þann skugga á að stjórnvöld hafa í 3 ár staðið í stríði við útgerðina um framtíðarstefnu í sjávarútvegi. Það hefur hamlað gegn því að greinin geti gert áætlanir og fjárfest til framtíðar. Það skaðar allt hagkerfið og þar á meðal ýmsar iðngreinar.

ÞRÁTT FYRIR ALLT

Velgengni í rekstri þessara atvinnugreina sýnir okkur að þrátt fyrir allt og þrátt fyrir öll þau mistök sem hér hafa verið gerð, höfum við mikil

tækifæri til að koma Íslandi að nýju á beinu brautina. En þá þarf skilningur að aukast á mikilvægi verðmætasköpunar í öllu atvinnulífinu – það þarf að aukast skilningur á mikilvægi hagvaxtar. Án öflugr hagvaxtar náum við ekki að nýta sóknarfæri okkar.

Menn hafa oft velt því fyrir sér hvort ekki sé unnt að hætta að eyða orku atvinnulífsins í að glíma við stjórnvöld eins og tíðkast hefur. Geta menn ekki gert hlutina sjálfir án samráðs við stjórnvöld og án aðkomu þeirra? Það væri auðvitað heppileg staða. En svo einfalt er það ekki. Löggjafarvaldið er í höndum stjórnámálamannana og einnig framkvæmdavaldið og stjórnámálamenn setja samfélaginu þann ramma sem okkur er gert að vinna eftir. Þess vegna verða stjórnvöld ekki sniðgengin og þess vegna er mikið í húfi að vel takist til um samstarf við þing og ríkisstjórn og að unnt sé að ná samstöðu um meginstefnur og mikilvæg mál.

BÆTA ÞARF LAUNAKJÖR ÞINGMANNA

Til að bæta samfélagið verður því að byrja á hinum kjörnu fulltrúum – þinginu sjálfu. Og þar er verk að vinna. Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Capacent bera einungis 10% landsmanna mikið traust til alþingis. Það er skelfileg niðurstaða þegar fyrir liggur að margar stofnanir samfélagsins njóta mikils trausts 40% til 90% landsmanna skv. þessari könnun. Þjóðkirkjan, sem alltaf er verið að gagnrýna, nýtur mikils trausts 28% og dómskerfið, sem jafnan er umdeilt, nýtur trausts 38%. Þingið situr eftir rúið trausti með 10%. Þetta þarf ekki að koma á óvart í ljósi þess hvernig störf þingsins hafa þróast í seinni tíð

og birtast landsmönnum gegnum fjölmiðlana. Ástandið hefur aldrei verið verra en nú enda hefur traust til þingsins aldrei mælst minna.

Við þetta er ekki hægt að una. Það þarf að ná samstöðu um að lyfta störfum þingsins á hærra og viðunandi plan. Endurreisa virðingu alþingis. Um það verður að nást þverpólitísk samstaða – óháð flokkum, stefnum og skoðunum. Liður í því er að bæta launakjör þingmanna til muna. Miðað við þá miklu ábyrgð sem á þeim hvílir, það mikla vinnuálag sem þingstörfum fylgir og það mikla áreiti sem þingmenn verða fyrir, þá þarf að bæta kjör þeirra til muna þannig að landsmenn fái meira framboð af öflugum fólki til að velja úr þegar í næstu kosningum – og það styttest óðfluga í þær. 407 dagar eru fljótir að líða!

Seta á alþingi þarf að vera eftirsóknarverð, m.a. vegna viðunandi launa. Ekki bara vegna meintra valda, heiðurs og pólitískra hugsjóna. Í þessu efni er sannarlega verk að vinna, ekki síður en í atvinnulífinu sjálfu. Bætt starfskjör þingmanna eru auðvitað einungis einn liður í því að efla þingið. Fleira þarf vitanlega að koma til. Og allir vita að það kostar að bæta starfskjör. En er það ekki enn dýrara að láta undir höfuð leggjast að auka hæfni þingsins – sem mun gerast með betri starfskjörum og þar af leiðandi meira framboði af öflugum fólki til þingstarfa?

LÖSKUÐ ÞJÓÐARSÁL

Það þarf einnig að koma til hugarfarsbreytingar hjá þjóðinni. Verið er að skemma fyrir okkur með neikvæðni, niðurrifstilburðum, reiði, hatri,

öfund, tortryggni, illgirni, ærumeiðingum og hefndarþorsta í anda þess sem Eva Joly ráðlagði stjórnvöldum eftir hrun og þáði fyrir milljónatugi í verktakagreiðslur úr tómum ríkissjóði. Samkvæmt skoðanakönnun stórblaðsins Le Monde í heimalandi hennar, Frakklandi, frá í janúar sl., telja 50% hana óheiðarlega og 80% að hún sé vanhæf. En nógu góð var hún til þess að ríkisstjórn Íslands flytti hana inn til skrafs og ráðagerða. Við bætum okkur ekki með því að flytja inn fólk af þessu tagi.

Ég hef áður rætt um þessa löskuðu þjóðarsál í ræðum mínum á lönþingum og að sjálfsögðu ekki uppskorið annað en skæting frá því fólkum sem fjallar um þjóðfélagsmál í niðurrifsanda flesta daga. Ég á ekki von á öðru núna og mun láta nöldur þeirra sem vind um eyru þjóta.

Það þarf að rjúfa þann vítahring sem Íslendingar eru í og hætta að láta neikvæðni ráða þjóðfélagssumræðunni. Sem þjóð græðum við ekkert á því. Það gengur ekki að halda áfram að afsaka slælega frammistöðu á ýmsum sviðum með því að vísa stöðugt í hrunið sem varð fyrir þremur og hálfu ári.

Við þurfum að fara að koma okkur af slysstað.

Forsætisráðherra svarar gjarnan gagnrýni með því að segja: „En það varð hér hrun árið 2008.“ Um það er ekki deilt en það er deilt um það hvenær við ætlum að fara að horfa ákveðið fram á veginn og sameinast um að nýta tækifæri landsmanna miklu betur og af meiri krafti. Hér hafa staðið yfir rannsóknir á orsökum hrunsins, menn hafa deilt um verk einstakra ráðamanna og gengið svo langt að setja upp pólitísk réttarhöld. Það vantaði víða yfirvegun fyrir hrun og margir misstu jarðsamband við hversdagslegan veruleikann. Auðvitað þarf að

skrifa söguna og halda öllu til haga. En okkur liggur á að auka hér hagvöxt, minnka atvinnuleysið, bæta lífskjör fólks og hag fyrirtækja. Til þess að það takist þarf að horfa meira til framtíðar og rífa sig upp úr því fari sem hefur einkennt samfélagið þessi síðustu ár.

Látum dómsmál og sakamál fara sína réttu leið um dómskerfið en nýtum kraftana til að byggja upp. Ef allt það afl sem farið hefur í niðurrif verður nú nýtt til uppbyggilegra verka verðum við fljót að komast á beina braut og í fremstu röð meðal vestrænna þjóða hvað varðar lífskjör og afkomu.

Góðir fundarmenn!

Er unnt að ná upp 5% hagvexti á Íslandi á tiltölulega skömmum tíma?

Já, það er hægt. En ekki með núverandi stjórnarstefnu. Það virðist vera fullreynt að ekki er að vænta neinnar afgerandi stefnubreytingar á sviði efnahagsmála með þeirri ríkisstjórn sem enn heldur völdum.

ATHAFNASTEFNA – HAGVÖXTUR

Við verðum að bíða enn um sinn og treysta á að hér komi til valda ríkisstjórn sem vill vinna með atvinnulífinu og fólkinu í landinu að öflugri uppbyggingu og kraftmikilli athafnastefnu. Við hljótum að geta átt von á slíkri ríkisstjórn eftir næstu kosningar því núverandi stefna ætti senn að þykja fullreynd.

Til að ná hröðum efnahagsbata þyrfti m.a.:

- **Að ná skjótri sátt um sjávarútvegsstefnu til framtíðar þannig að sjávarútvegurinn geti farið af krafti í fjárfestingar og uppbyggingu á grundvelli framtíðarstefnumörkunar þar sem unnt væri að ganga að stöðugleika vísun.**
- **Að fara af stórauknum krafti í fjárfestingar og uppbyggingu í þeim grunnatvinnuvegi sem orku- og stóriðjugreinin er. Það þarf að hefjast handa við virkjanir í neðri hluta Þjórsár og hraða nýtingu annarra kosta sem hagkvæmir eru og sátt getur orðið um út frá sanngjörnum verndunarsjónarmiðum.**
- **Að skipuleggja orkunýtingu og fjárfestingar þannig að stóriðja þurfi ekki að skyggja á aðra iðnaðarkosti. Við leggjum áherslu á að greiða leið allra vænlegra kosta – stórra og smárra - en fyrst og fremst að rjúfa þá kyrrstöðu sem ríkt hefur síðustu árin þar sem erfitt hefur verið að hrinda vænlegum fjárfestingum í framkvæmd vegna margvíslegrar tregðu stjórnvalda og stofnana.**
- **Að hrinda í framkvæmd metnaðarfullri áætlun til næstu ára um myndarlegar samgönguframkvæmdir víðsvegar um land. Ég er að tala um hugmyndir á borð við þær sem Kristján Möller, fyrrverandi samgönguráðherra, vann að í góðu samstarfi við lífeyrissjóði og fagaðila en voru lagðar til hliðar þegar hann lét af embætti – reyndar allt of snemma. Ef niðursveifla er ekki rétti tíminn til að fara í varanlegar samgönguframkvæmdir sem nýtast til langrar framtíðar – með langtímafjármögnun lífeyrissjóða – hvenær er þá rétti tíminn til að endurbæta samgöngukerfið og auka öryggi landsmanna í umferðinni?**
- **Að hrinda í framkvæmd öflugri hagvaxtarstefnu, m.a. með því sem að framan greinir, til að stórauka kaupmátt í landinu, minnka atvinnuleysi, bæta afkomu fyrirtækja og þar með að**

auka skatttekjur ríkis og sveitarfélaga af meiri tekjum og auknum umsvifum í þjóðfélaginu. Samhliða því ætti að hefja lækkun skatta á fólk og fyrirtæki og gefa sér ekki meira en 2 ár til að afnema sem flestar af rúmlega 100 skattahækkunum vinstri stjórnarinnar. Sú umsvifaaukning og verðmætasköpun sem þetta leiddi af sér yrði til að bæta fjárhag ríkissjóðs andstætt því sem nú er haldið fram. Hækkaðar skattprósentur skila sér ekki í opinberri tekjuöflun í samræmi við væntingar eins og margsannað er. En almenn tekjuaukning í þjóðfélaginu gerir það ríkulega.

Það er hægt að snúa íslensku samfélagi til aukinnar hagsældar á skömmum tíma. Þetta er einungis spurning um grundvallarstefnur – grundvallarpólítík. Verði kröftug vaxtarstefna ofan á þá mun Atvinnumálanefnd alþingis ekki vera verkefnalaus eins og nú er. Atvinnulaus Atvinnumálanefnd alþingis segir meira en mörg orð um þann viljaskort gagnvart atvinnuuppbyggingu sem við er að fást!

Valið mun standa á milli aukinnar miðstýringar og aukinnar ráðstjórnar eða þess að hefja hér myndarlegt vaxtarskeið. Já, hagvaxtarskeið þar sem Íslendingar hefðu lært af reynslunni og hefðu gert sér ljóst að við erum 320.000 manna þjóð en ekki milljónþjóð eins og margir virtust halda á árunum fyrir hrun.

Það einkennilega sambland af minnimáttarkennd smáþjóðar og mikilmenskubrjálæði sem varð okkur að falli á dögnum má ekki trufla okkur aftur. Yfir því verðum við að vaka.

Það er unnt að ná skjótum árangri til eflingar atvinnulífsins með stefnubreytingu eins og ég lýsti hér að framan.

GJALDMIÐLAVANDINN

En þess utan bíður okkar risastórt verkefni sem gríðarleg óvissa ríkir um. Við þurfum að svara því hvernig við ætlum að létta gjaldeyrishöftum af Íslandi og hvernig gjaldmiðlamálum þjóðarinnar verður fyrir komið í framtíðinni. Í því efni virðast engar leiðir vera einfaldar eða greiðar. Flest bendir til þess að við munum ekki losna við gjaldeyrishöftin á meðan við búum við íslensku krónuna. Og hvað er þá til ráða?

Í lok síðustu viku lýsti forsætisráðherra afstöðu sinni til framtíðar íslensku krónunnar: „Óbreytt ástand kemur ekki til greina og valið stendur á milli þess að afsala sér fullveldi Íslands í peningamálum með einhliða upptöku annars gjaldmiðlis eða gerast fullgildur aðila að ESB og samstarfi evruríkjanna sem fullvalda þjóð með aðkomu að ákvarðanatöku og stefnumótun í öllum samstarfsmálum.“

Aðrir halda því fram að við munum einmitt afsala okkur fullveldi með því að gerast aðilar að ESB. Þá hefur verið lífleg umræða að undanfögnu um aðra kosti til lausnar á gjaldeyrisvanda okkar, m.a. að taka upp aðra gjaldmiðla án inngöngu í ESB.

Hvað sem þessu líður er ég sannfærður um það að minnsta myntkerfi í heimi, íslenska krónan, er ekki frambúðarlausn fyrir okkur. Við þurfum ekki að gera ráð fyrir því að í framtíðinni verði 4-5 myntir ráðandi í heiminum, þar á meðal dollar, evra, Asíumynt – og íslenska krónan. Það er sjálfsblekking að halda því fram að við getum nýtt okkur möguleika til að lifa góðu lífi á Íslandi við óbreytt

gjaldmiðlafyrirkomulag – íslenska krónu og gjaldeyrishöft. Við verðum að komast út úr þeirri sjálfheldu. Atvinnulífið hefur kvatt íslensku krónuna þar sem því verður við komið. Flest stærstu fyrirtæki landsins gera upp í evrum eða dollurum og eru fjármögnuð í erlendum myntum. M.a. fjöldi fyrirtækja í sjávarútvegi, iðnaði, ferðaþjónustu og öðrum greinum. Landsvirkjun gerir upp í dollurum – verðmætasta fyrirtækið í ríkiseigu.

Þetta segir okkur það að þeir sem koma því við hafi kvatt krónuna og gera sitt ítrasta til að draga úr áhrifum hennar á reksturinn. Þetta veldur auðvitað mismunun milli fyrirtækja og skekkir samanburð og stöðu fyrirtækja.

Það verður að greiða úr þessu ástandi og eyða óvissu. Það sem blasir við núna er að ríkisstjórnin á í viðræðum við ESB um aðild Íslands. Það verður að ljúka þeim viðræðum og ná eins hagstæðum samningum fyrir Ísland og kostur er. Hagstæðum samningum fyrir allar atvinnugreinar og fólkið í landinu. Samninginn á svo að leggja í dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu. Einungis þannig verður þessu ráðið til lykta – á annan hvorn veginn.

Þeir sem velja að fella samning við ESB verða þá væntanlega með lausnir á gjaldmiðlavanda Íslendinga til frambúðar. Því ekki getur verið að meirihluti þjóðarinnar sjái framtíðina blasa við hér á landi með íslenskri krónu í viðjum gjaldeyrishafta.

Góðir fundarmenn, ég lýk senn máli mínu.

Ef allt fer að óskum getum við Íslendingar brátt séð fram á bjarta tíma eftir niðursveiflu síðari ára því sjálfsbjargarviðleitni okkar er mikil. Ég óttast að þegar upp verður staðið muni okkur koma verst að hafa

misst þúsundir Íslendinga úr landi vegna atvinnuástandsins. Við þurfum á öllu okkar fólki að halda. Við þurfum að búa ungu fólki þannig tækifæri á sviði menntunar að allir geti fengið menntun og reynslu við sitt hæfi. Okkur munar um þá sem gefast upp og velja að hverfa til verka í öðrum löndum. Við megum ekki gleyma því að Ísland er smáríki sem má engan missa til að halda uppi fjölbreyttu atvinnulífi og uppörvandi menningarsamfélagi.

Kennari minn frá árum áður, Egill Stardal, sagði í blaðaviðtali fyrir meira en 40 árum:

„ ef við á þessum grimmu tímum ætlum okkur að verða hlutgengir meðal menningarþjóða þurfum við á öllu okkar að halda, hverjum einasta manni með allt það þrek og alla þá þekkingu sem hann getur framast látið í té.“

Þessi orð eru enn í fullu gildi. Það er engan afslátt frá þessu að hafa.

AUÐUG ÞJÓÐ

Við væntum þess að samstaða náist sem fyrst um öflugna vaxtarstefnu í atvinnulífinu. Það er unnt að hrinda henni í framkvæmd. Við þurfum dirfsku en enga fífldirfsku og við megum ekki kasta stöðugleika fyrir róða þó við viljum hleypa krafti í samfélagið.

Við þurfum að ná stóraukinni samstöðu með kjörnum fulltrúum á alþingi og í ríkisstjórn. Full ástæða er til bjartsýni þegar umbótum hefur verið hrint þar í framkvæmd.

Þá er andleg endurreisn þjóðarinnar forgangsmál. Segjum niðurrifsöflum stríð á hendur.

Í efnahagslegu tilliti er framtíðin björt þó þar sé mikið verk að vinna. Við erum auðug þjóð. Íslendingar eiga það sem mannkynið vanhagar mest um:

Hreint vatn, matvæli, orku og landrými.

Þörfin fyrir þessi gæði mun bara aukast til muna þegar fram líða stundir og jarðarbúum fjölgar úr 7 milljörðum í 9 milljarða á næsta aldarþriðjungi.

Við erum aum ef við getum ekki nýtt öll þessi gæði með þeim hætti að hér geti allir lifað góðu lífi.

Grípum tækifærin. Ekki er eftir neinu að bíða!

Takk fyrir.